



Nr. 3/2010
1. mars 2010

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á fjórða ársfjórðungi 2009

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á fjórða ársfjórðungi 2009 og um stöðu þjóðarbúsins í lok fjórðungsins.¹

Viðskiptajöfnuður mældist óhagstæður um 13 ma.kr. á fjórða ársfjórðungi, sem er 19 ma.kr. lakara en á fjórðungum á undan. Að áhrifum innlánsstofnana í slitameðferð frátöldum var hins vegar 10,1 ma.kr. afgangur. Rúmlega 21 ma.kr. afgangur var á vöruskiptum við útlönd og 8 ma.kr. afgangur var á þjónustuviðskiptum. Jöfnuður þáttatekna var hinsvegar neikvæður um rúmlega 40 ma.kr.

Halla á þáttatekjum á fjórða ársfjórðungi má eins og áður rekja til innlánsstofnana í slitameðferð. Reiknuð gjöld vegna þeirra námu 43,6 ma.kr. og tekjur 20,1 ma.kr. Neikvæð áhrif á þáttatekjujöfnuð vegna þeirra nema því 23,4 ma.kr. Án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð var þáttatekjujöfnuður neikvæður um 19,1 ma.kr. og viðskiptajöfnuður jákvæður um 10,1 ma.kr.

Tekjur af beinni fjárfestingu hafa verið endurskoðaðar á árunum 2006 til 2008 og eru nú mældar án verðáhrifa (e. capital gain/loss). Er það í samræmi við breytingu sem Seðlabankinn gerði á aðferðafræði sinni í upphafi síðasta árs vegna nýrra staðla sem flest lönd innan OECD fylgja. Þessi breyting hefur töluverð áhrif á þáttatekjur, einkum á árinu 2008, þegar neikvæð endurfjárfesting mældist í hundruðum milljarða samkvæmt gömlu aðferðinni. Það má að mestu leyti rekja til taps innlendra aðila á beinni fjárfestingu erlendis á þeim tíma.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 8.964 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 14.530 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 5.566 ma.kr. og lækka nettó skuldir um tæpa 325 ma.kr. á milli ársfjórðunga. Að frátöldum innlánsstofnunum í slitameðferð námu eignir þjóðarbúsins 2.596 ma.kr. og skuldir 3.012 ma.kr. Hrein staða var því neikvæð um 416 ma.kr. að þeim undanskildum.

Gerð hefur verið breyting á framsetningu eigna og skulda þeirra í yfirliti um erlendar skuldir og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Teljast þær ekki lengur með innlánsstofnunum heldur eru settar fram í nýjum lið sem nefnast „Innlánsstofnanir í slitameðferð“ sem er undirliður

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.seðlabanki.is>

liðarins „Aðrir geirar“. Tímaröðin fyrir þennan nýja lið hefst á fjórða ársfjórðungi 2008. Einungis bankar og sparisjóðir sem eru starfandi sem innlánsstofnanir eru nú flokkaðir undir samnefndum lið frá sama tíma.

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna á verðlagi hvers tíma

	2008 /4	2009 /1	2009 /2	2009 /3	2009 /4
<i>Viðskiptajöfnuður</i>	0,5	-23,9	-18,7	6,0	-13,3
Útflutningur vöru og þjónustu	191,7	164,4	182,2	226,4	204,4
Innflutningur vöru og þjónustu	-162,0	-139,7	-154,3	-181,8	-175,1
Þáttatekjur og framlög, nettó	-29,1	-48,6	-46,6	-38,5	-42,6
<i>Fjármagnsjöfnuður</i>	497,9	-2,1	165,6	-81,2	-240,6
Fjármagnshreyfingar án forða	500,3	-34,8	130,0	-32,4	-189,6
Erlendar eignir, nettó	304,1	-17,1	174,1	-79,1	-127,1
Erlendar skuldir, nettó	119,5	-19,1	-43,2	72,1	-4,8
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-1,9	33,2	35,9	-48,5	-50,6
<i>Skekkiur og vantalið nettó</i>	-498,4	25,9	-146,9	75,2	253,9

Tafla 2. Erlend staða þjóðarbúsins í lok ársfjórðungs á verðlagi hvers tíma

	2008 /4	2009 /1	2009 /2	2009 /3	2009 /4
<i>Erlendar eignir, alls</i>	8.854	7.918	8.760	8.807	8.964
Bein fjárfesting erlendis	1.135	968	955	893	919
Erlend markaðsverðbréf	2.289	1.763	2.002	2.073	2.079
Aðrar fjáreignir en forði	4.999	4.803	5.418	5.406	5.481
Gjaldeyrisforði	431	384	384	435	485
<i>Erlendar skuldir, alls</i>	14.132	13.629	14.771	14.698	14.531
Bein fjárfesting á Íslandi	1.110	998	1.091	1.057	940
Innlend markaðsverðbréf	6.070	5.515	5.578	5.427	5.024
Aðrar erlendar skuldir	6.875	7.041	8.021	8.157	8.567
<i>Hrein staða við útlönd</i>	-5.278	-5.711	-6.012	-5.891	-5.566

Nánari upplýsingar veitir Ríkarður Bergstað Ríkarðsson á upplýsinga-sviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.